

**Efni: Umsögn við mál 37/154, tillögu til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls 2024-2027 og aðgerðaáætlun.**

Frá Málnefnd um íslenskt táknmál

Í upphafi viljum við þakka fyrir að málstefnan sé sett á þingmálaskrá og tekin fyrir. Við textann höfum við þó eftirfarandi athugasemdir:

III. Aðgerðaáætlun um málstefnu íslensks táknmáls 2024-2027

Aðgerðir sem falli undir meginstoð A: Máltöku táknmálsbarna:

1. Ef hugmyndin er að beita snemmtækri íhlutun er aðgengi að ÍTM hluti af þeirri íhlutun, ekki leið sem ætti að nýta þegar aðrar leiðir hafa verið fullreyndar. Aðgengi barna að máli er gríðarlega mikilvægt fyrir þroska þeirra og hvort heldur sem þau alist upp sem táknmálsbörn og síðar táknmálsfólk eða ekki er aðgengi þeirra að táknmáli á fyrstu stigum máltöku gríðarlega mikilvægur grunnur fyrir öll þau tungumál sem barnið nýtir sér síðar á lífsleiðinni. Því ætti þessi liður að fylgja lögum nr. 61/2011, **■ 3. gr. Íslenskt táknmál.**

Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarskerðing eða [sambætting sjón- og heyrnarskerðingar] <sup>1)</sup> hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur.

<sup>1)</sup>L. 115/2015, 23. gr. (Undirstrikun bætt við af ritara umsagnar)

Vísað er í þessa grein í 1. Grein greinargerðarinnar – sem er þá í andstöðu við aðgerðina þar sem ekki er gert ráð fyrir viðbrögðum jafnskjótt og heyrnarskerðing greinist. Til að samræma aðgerðaráætlunina við greinargerðina þarf veita þessum börnum aðgengi að táknmáli strax.

Aðgerðir sem falli undir meginstoð C: Jákvætt viðhorf:

5. Fræðsla um íslenskt táknmál, **sögu þess** og menningu verði hluti af námsefni grunnskólabarna. (sleppa **og** á milli táknmál og sögu, færa ábendingarforhanið **þess** fram um tvö orðabil).

Greinargerð

2. Samráð

Í málsgrein tvö er talað um *táknmálsbörn* og tveimur orðum seinna segir *táknmálstalandi barna* – betra að gæta samræmis og nota alls staðar hugtakið *táknmálsbörn*.

Virðingarfyllt,

Árný Guðmundsdóttir

Fulltrúi í málnefnd um íslenskt táknmál